



Hafnarfjarðarkaupstaður
Anna María Tómasdóttir
Strandgata 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 21. október 2021

Tilvísun: 202110050 / 3.2

Efni: Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi vegna Smyrlahrauns 41a, íbúðarbyggð

Hafnarfjarðarbær hefur, með erindi dags. 19. október 2021, óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. í september 2021, vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslagsa.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar skipulagstillögu er að breyta hluta svæðis fyrir samfélagsþjónustu (S9), þar sem áður var rekinn leikskóli að Smyrlahrauni 41a, í íbúðarbyggð sem fellur innan íbúðarbyggðar ÍB4. Á svæðinu er áformaður búsetukjarni.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og bendir á að í skipulagstillögnum þarf að fjalla um áhrif breytingarinnar og áformaðrar uppbyggingar á umhverfið og til samanburðar áhrif notkunar svæðisins fyrir samfélagsþjónustu. Einkum á við að fjalla um áhrif á samfélag og aðliggjandi byggð.

Einnig vakin athygli á eftirfarandi:

Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lög nr. 105/2006 eru fallin úr gildi en í stað þeirra gilda lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Fyrirhuguð aðalskipulagsbreyting heyrir undir gildissvið nýju laganna sem tóku gildi 1. september sl.

Í erindi Hafnarfjarðarbæjar kemur fram að lýsingin verði auglýst í Fréttablaðinu og í Lögbirtingablaðinu. Bent er á að vekja athygli íbúa og annarra hagsmunauðila í grennd við skipulagssvæðið á áformaðri skipulagsbreytingu með markvissari hætti svo sem í fréttatexta- eða samfélagsmiðlum á netinu. Jafnframt er bent á að ekki er þörf á að birta auglýsingum lýsingu vegna skipulagsáforma í Lögbirtingarblaðinu.

Birna Björk Árnadóttir